LAGASTOÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA ~ LEGAL SERVICES

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudal

Reykjavík, 19. október 2026

Efni: Drög að samningi um eldisgjald í höfnum Vesturbyggðar

Bréf þetta er ritað fyrir hönd Hafnarsjóðs Vesturbyggðar.

Vísa er til fyrri samskipta og viðræðna aðila um framtíðarfyrirkomulag og álagningu gjalda vegna eldisfisks sem fer um hafnir sveitarfélagsins.

Með bréfi þessu eru lögð fram formleg drög að samningi um greiðslu eldisgjalds þar sem lagt er til að gjald vegna landaðs eldislax verði fastsett í kr. **4,60 á hvert kílógramm** auk virðisaukaskatts.

Til þess að tryggja að gjaldtaka Hafnarsjóðs Vesturbyggðar væri á öllum stigum reist á faglegum, gagnsæjum og málefnalegum grunni fól sveitarfélagið ráðgjafafyrirtækinu KPMG að vinna óháða kostnaðargreiningu á rekstrargrunni hafnanna og leggja mat á áætlaða hlutdeild fiskeldisstarfseminnar í þeim kostnaði. Greining KPMG endurspeglar heildstætt og lögmætt mat á raunkostnaði við þá þjónustu og aðstöðu sem eldisfyrirtækjunum er veitt.

Kostnaður vegna þjónustu við fyrirtækið var metinn með hliðsjón af beinni hlutdeild, frádrætti vegna greiðslna þjónustubáta, töpuðum tekjum og 15% álagi vegna forgangsráðstöfunar á viðlegukanti. Miðað við framleiðslumagn eldisfyrirtækisins reiknast eðlilegt og kostnaðarrétt eldisgjald á bilinu **4,0 til 6,2 kr. á hvert kílógramm** landaðs eldislax.

Sú samningsfjárhæð sem Hafnarsjóður Vesturbyggðar leggur til, kr. 4,60 pr. kg, er staðsett á neðri hluta þess kostnaðarbils sem KPMG telur réttmætt og eðlilegt. Vert er að taka fram að í útreikningum KPMG er ekki tekið tillit til væntra nýfjárfestinga, meiriháttar endurbóta eða framtíðar viðhaldsverkefna sem óhjákvæmilega munu falla til vegna ört vaxandi umsvifa eldisins.

Frekari rökstuðningur fyrir sanngirni og réttmæti gjaldsins felst í því að fyrirhuguð samningsfjárhæð (4,60 kr./kg) er fyllilega sambærileg við þau gjöld sem greidd eru samkvæmt samningum annars staðar á Vestfjörðum. Sú staðreynd sýnir með óyggjandi hætti að tillaga Hafnarsjóðs Vesturbyggðar um kr. 4,60 pr. kg er í fullu samræmi við það viðskipta- og kostnaðarumhverfi sem mótað hefur verið í sambærilegum samningum í nágrannasveitarfélögum á Vestfjörðum.

Meðfylgjandi samningsdrög byggja á eftirfarandi meginstoðum:

1. **Fjárhæð og gjaldstofn (2. og 3. gr.):** Gjaldið nemur kr. 4,60 á hvert kílógramm og miðast við heildarþyngd lifandi/óslægðs lax upp úr sjó samkvæmt óyggjandi mælingum brunnbáta og vigtargögnum.
2. **Verðtrygging (4. gr.):** Fjárhæð gjaldsins verður verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og uppfærð árlega 1. janúar til að tryggja að gjaldið haldi raunvirði sínu á samningstímanum.

3. **Mánaðarlegt uppgjör (5. gr.):** Uppgjörstímabil er einn almanaksmánuður með skilum á vigtargögnum fyrir 10. dag hvers mánaðar og útgáfu reiknings með gjalddaga 15. sama mánaðar.
4. **Uppgjör fyrri innborgunar (6. gr.):** Tekið er á innborgun sem innt var af hendi vegna ársins 2025 (kr. 49.600.000 m. VSK). Sú greiðsla verður gerð upp miðað við samningsgjaldið (4,60 kr./kg) á raunverulegt magn landaðs afla tímabilsins, þar sem mismunur kemur til frádráttar eða viðbótargreiðslu.
5. **Fyrirvari um breytingar á hafnalögum (7. gr.):** Kveðið er á um skýran fyrirvara um að verði verulegar breytingar á hafnalögum eða reglugerðum um gjaldtökuheimildir hafna sé hvorum aðila heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins.
6. **Gildistími (8. gr.):** Samningurinn er ótímabundinn en uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 12 mánaða fyrirvara.

Með því að ganga til samnings á framangreindum grundvelli skapast festa, fyrirsjáanleiki og gagnkvæmur ávinningur fyrir báða aðila, þar sem rekstrargrundvöllur hafna sveitarfélagsins er tryggður samhliða því að eldisfyrirtækin njóta áfram öruggrar og góðrar hafnaraðstöðu.

Hafnarsjóður Vesturbyggðar óskar eftir því að fulltrúar eldisfyrirtækisins ræði framlögð drög og er reiðubúinn til að boða til sameiginlegs fundar á næstu dögum til að fara yfir samningsforsendurnar og ljúka gerð samnings.

Óskað er eftir skriflegu svari eða tillögu að fundartíma eigi síðar en 2. nóvember nk.

Virðingarfyllst,

f.h. Hafnarsjóðs Vesturbyggðar

Magnús Baldursson lögmaður

Fylgiskjal:

Drög að samningi um greiðslu eldisgjalds í höfnum Vesturbyggðar.